

## Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans á Laugum

### A. Markmið

#### Nemendur

Meginmarkmið:

Að bæta ástundun nemenda.

Deilimarkmið:

Bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84% á skólaárinu 2013-2014.

Draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 6% í 5% á skólaárinu 2013-2014.

Meginmarkmið:

Að nemendum líði vel í skólanum.

Deilimarkmið:

Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90 % nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist á skólaárinu 2013-2014.

Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi skólaárið 2013-2014.

#### Nám

Meginmarkmið:

Skólinn leggur áherslu á að auka úrval námsbrauta.

Deilimarkmið:

Að boðið sé upp á nám á starfsbraut í ferðamálafræðum á skólaárinu 2014-2015.

Meginmarkmið:

Að þróunarverkefni skólans undanfarin 4 ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna skólaárin 2013-2015.

Meginmarkmið:

Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7,1 í 7,5 skólaárið 2014-2015.

Meginmarkmið:

Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi í skólanámskrá árið 2015.

Deilimarkmið:

Að áfangalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár séu samþykktar af ráðuneyti haustið 2014.

Að almennur hluti skólanámskrár sé samþykktur af ráðuneyti vorið 2015.

### **Kennsla**

Meginmarkmið:

Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki.

Deilimarkmið:

Að allir kennarar séu framhaldsskólakennarar með leyfisbréf skólaárið 2013-14.

### **Stjórnun**

Meginmarkmið:

Að þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri 2014-2015.

Meginmarkmið:

Að skólinn verði viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli eigi síðar en árið 2014.

### **Samstarf við aðra**

Meginmarkmið:

Samstarf við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu verði eftt með reglubundnu samráði, fyrsti fundur verði á vorönn 2013.

Deilimarkmið:

Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann frá skólaárinu 2013-2014.

Að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns.

Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein.

## **B. Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni FL eru:

Gerð nýrrar skólanámskrár.

Þróun starfsnámsbrauta í íþróttufræðum og ferðamálafræðum.